

SAMNINGUR
UM UMSÝSLU, FULLNUSTU OG SÖLU
STÖÐUGLEIKAFRAMLAGSEIGNA

milli

Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs,

og

Lindarhvols ehf.

29. apríl 2016

Eftirfarandi aðilar:

(1) Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs,

Arnarhvoli, 101 Reykjavík;

og

(2) Lindarhvoll ehf.,

kt. 670416-0460,

Arnarhvoli,

101 Reykjavík

(hér eftir „félagið“)

hafa í dag gert með sér eftirfarandi samning um umsýslu, fullnustu og sölu tiltekinna verðmæta sem Seðlabanki Íslands hefur tekið á móti í tengslum við gerð nauðasamninga („stöðugleikaframlagseignir, eignirnar“), sbr. 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög nr. 36/2001 var fjármála- og efnahagsráðherra falið að stofna einkahlutafélag í eigu ríkissjóðs sem geti annast eftir því sem við á umsýslu, fullnustu og sölu eigna, sem Seðlabankinn tekur á móti f.h. ríkissjóðs í þeim tilgangi að draga úr, koma í veg fyrir eða gera kleift að bregðast við neikvæðum áhrifum á stöðugleika í gengis- og peningamálum, að undanskildum eignarhluta í Íslandsbanka sem Bankasýsla ríkisins fer með, og lausu fé, sem skal varðveitt á sérstökum reikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum („stöðugleikaframlagsreikningi“).

Ríkissjóður Íslands hefur stofnað félagið Lindarhvoll ehf. sem annast mun umsýslu, ráðstöfun og sölu stöðugleikaframlagseigna og skipað félaginu þriggja manna stjórn og tvo til vara, þar sem annar varamaður situr alla fundi nefndarinnar. Í ákvæðinu er jafnframt kveðið á um að gerður skuli sérstakur samningur á milli félagsins og ráðherra um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseignanna og starfshætti, þar sem m.a. er fjallað er um áherslur ríkisins sem eiganda eignanna og sérstakt hæfi stjórnar- og starfsmanna við ákvarðanatöku í einstökum málum sem þær varða.

1. grein

Umboð til úrvinnslu stöðugleikaframlagseigna

Félaginu er falið að annast umsýslu með, fullnusta og selja eftir því sem við á stöðugleikaframlagseignir aðrar en eignarhluti í Íslandsbanka og laust fé.

Störf félagsins við umsýslu, fullnustu og sölu á stöðugleikaframlagseignum skulu vera í samræmi við 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög nr. 36/2001, og þær áherslur ríkissjóðs sem koma fram í samningi þessum og eigendastefnu ríkisins. Þá skulu verkefni félagsins vera unnin í samræmi við starfsreglur og siðareglur félagsins.

Ákvarðanir um umsýslu stöðugleikaframlagseigna sem teljast meiriháttar eða óvenjulegar skulu ávallt bornar undir stjórn félagsins. Sama gildir um ákvarðanir sem stjórn er sérstaklega ætlað að taka skv. 2. gr. samnings þessa. Um aðrar ákvarðanir vegna eignanna skal fjallað í starfsreglum félagsins.

2. gr.

Áherslur ríkissjóðs sem eiganda stöðugleikaframlagseigna

Stjórn og starfsmenn félagsins skulu vinna að markmiðum samnings þessa af fagmennsku, hlutlægni og samkvæmt góðum viðskiptaháttum. Þar sem starfsemi félagsins mun snúast um umsýslu, sölu og ráðstöfun á eignum ríkisins er áhersla lögð á að félagið kappkosti að viðhafðir séu góðir stjórnarsýslu- og stjórnhættir í störfum þess og ávallt séu viðhöfð vönduð og fagleg vinnubrögð.

Félagið skal setja sér starfs- og siðareglur, ásamt starfskjarastefnu sem samþykkt skal á aðalfundi.

Félagið skal eins fljótt og unnt er eftir að félagið hefur tekið við vörslum umræddra eigna leggja fram áætlun um ráðstöfun tilekinna eigna eða eignaflokka. Í áætluninni skal félagið setja sér metnaðarfull markmið um hvenær ráðstöfun skuli eiga sér stað, með hvaða hætti eignum eða eignaflokkum verði ráðstafað og áætluðum kostnaði við ráðstöfunina. Áætlunin skal endurskoðuð ársfjórðungslega og skal árangur af starfseminni þá metinn og grein gerð fyrir frávikum sem orðið hafa frá fyrri áætlun, sbr. 6. gr. samnings þessa.

Áherslur ríkissjóðs í tengslum við umsýslu, fullnustu og sölu félagsins á stöðugleika-eignum er að hámarka verðmæti eignanna f.h. ríkissjóðs. Félagið skal flýta sölu eigna og endurheimtum krafna eins og kostur er, án þess þó að það komi niður á hámarksverðmæta.

Við umsýslu, fullnustu og sölu eignanna skal leggja áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni. Með hagkvæmni er átt við að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar. Mat á því hvað hvað telst vera hæsta verð í þessi sambandi miðast ávallt við staðgreiðsluverð. Markmiðið félagsins er að hámarka verðmæti eignanna gagnvart ríkissjóði og lágmarka eins og kostur er kostnað við umsýslu eignanna.

Félagið undirbýr sölu eignanna eða aðra ráðstöfun þeirra, leitar tilboða, metur tilboð, hefur umsjón með samningaviðræðum við væntanlega kaupendur og annast samningagerð. Sala eða önnur ráðstöfun eigna skal eiga sér stað að undangengnu opnu tilboðsferli þar sem gætt er gagnsæis og jafnræðis bjóðenda.

Jafnræði skal tryggja með því að skilyrði við sölu eða ráðstöfun séu fá, skýr og öllum ljós. Allir sem uppfylla málefnaleg skilyrði skulu hafi kost á því að bjóða í einstakar eignir og

tryggja skal að nauðsynlegar upplýsingar um söluférlíð séu aðgengilegar fyrir alla mögulega bjóðendur.

Gegnsæi skal tryggja með því að allt ferli við sölu og ráðstöfun félagsins á eignum sé skýrt og ljóst og að ávallt liggi fyrir á hverju einstakar ákvarðanir séu byggðar. Standi tvær eða fleiri leiðir til boða varðandi sölu eða ráðstöfun á eignum skal kappkosta að velja þá leið sem er gagnsærri.

Hlutlægni skal m.a. tryggja með því að gengið sé rækilega úr skugga um að uppfylltar séu hæfisreglur til þeirra sem fjalla um einstök mál og að allt ferlið í störfum félagsins, t.d. verðmöt eða mat á hæfi bjóðenda, byggist á hlutlægum viðmiðum og sjónarmiðum.

Félaginu er heimilt að semja við þriðja aðila um þjónustu við sölu á tilteknum eignum eða eignaflokkum enda sé tryggt að gætt sé meginreglum laganna um gegnsæi, hlutlægni, jafnræðis og hagkvæmni við val á slíkum aðila og að sá aðili gæti sömuleiðis að þessum sjónarmiðum við störf sín.

Félaginu er við framkvæmd sölu heimilt að setja bjóðendum tiltekin málefnaleg skilyrði, eins og um fjárhagslegt hæfi þeirra eða önnur sambærileg skilyrði, sem metin eru nauðsynleg til að ná fram markmiðum samnings þessa. Séu slík málefnaleg skilyrði sett fram við sölu skal það gert með gagnsæjum hætti þannig að forsendur þeirra séu augljósar og hafnar yfir vafa.

Félagið skal taka hæsta gilda tilboði í hverri sölu enda sé það yfir því lágmarksverði sem félagið hefur sett sér fyrirfram. Ef þörf krefur getur félagið leitað til viðurkenndra óháðra sérfræðinga eða ráðgjafa við verðmat tiltekinna eigna eða við samanburð og mat á tilboðum. Félagið tekur ákvörðun um hvort tilboð skuli samþykkt eða þeim hafnað og undirritar samninga fyrir hönd ríkissjóðs um sölu eignanna.

Meti félagið það svo að tilteknum stöðugleikaframlagseignum verði með engu móti ráðstafað að undangengnu opnu tilboðsferli, t.d. vegna þess að slíkt söluférlí er talið óframkvæmanlegt vegna eðlis eignanna, s.s. að um sé að ræða kröfur á nafngreinda einstaklinga, er stjórn félagsins heimilt að víkja frá þessari meginreglu, enda sé það gert á formlegan hátt á grundvelli skriflegs rökstuðnings til stjórnar, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Eignarhluti í félögum er heimilt að selja að fullu eða í hlutum ef það er metið hagkvæmara fyrir ríkissjóð.

Stjórn félagsins er heimilt, ef nauðsyn krefur, að tilnefna fulltrúa f.h. ríkissjóðs í stjórnir þeirra félaga sem það hefur umsýslu með í samræmi við eignarhlut þar til félögin hafa verið seld. Stjórnarmenn geta verið starfsmenn félagsins eða sérstaklega tilnefndir utanaðkomandi sérfræðingar.

Félagið skal hafa eftirlit og umsjón með þeim fjársópseignum sem verða áfram í vörslu og umsýslu slitabúanna.

4
HES PAM

Laust fé sem fellur til vegna stöðugleikaeigna skal flutt á stöðugleikaframlagsreikning jafn óðum og það fellur til, að frádregnum kostnaði við úrvinnslu og ráðstöfun eignanna, samkvæmt staðfestri rekstraráætlun félagsins, sbr. 5. gr. samnings þessa.

3. gr.

Sérstakt hæfi stjórnar- og starfsmanna félagsins

Stjórnarmaður eða starfsmaður félagsins er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarmaður eða umboðsmaður aðila
2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengist fyrirsvarmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
4. Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirvari fyrir.
5. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Ekki er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti, eða þáttur stjórnarmanns eða starfsmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

4. gr.

Þagnarskylda

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk á vegum félagsins skulu gæta þagnarmælsku um atriði sem þeir frá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

5. gr.

Kostnaður við rekstur félagsins og ráðstöfun eigna

Kostnaður vegna framkvæmdar á samningi þessum skal greiddur af félaginu. Félagið skal gera ráðuneytinu ársfjórðungslega grein fyrir raunkostnaði á tímabilinu. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í lögum um Seðlabanka Íslands mun ráðherra leggja félaginu til allt að 150 millj. kr. til að standa undir kostnaði vegna framkvæmdar á samningi þessum en einnig er gert ráð fyrir að laust fé, þ.m.t. söluandvirði eigna að frádregnum kostnaði við úrvinnslu og ráðstöfun þeirra skuli varðveitt á sérstökum reikningum ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Upplýsingar um ráðstöfun og eftirlit

Félagið gefur fjármála- og efnahagsráðherra skýrslu um framgang umsýslunnar, stöðu eigna og áætlaða ráðstöfun á tímabilinu, sbr. 2. gr. samnings þessa eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með starfsemi félagsins og framkvæmd samnings þessa sbr. 3. mgr. III. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands.

7. gr.

Gildistaka og gildistími

Samningur þessi gildir frá undirritun og til 31. desember 2018.

Hvor aðili um sig getur óskað endurskoðunar samningsins hvenær sem er á samningstímanum.

Reykjavík, 29. apríl 2016



Bjarni Benediktsson,

fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs

Íslands.

f.h. Lindarhvols ehf.

